

Helgin framundan



■ Verk á afmælisýningu Textílfélagsins

Sýning Textílfélagsins

Afmælisýning Textílfélagsins á Kjarvalsstöðum hefur nú staðið í rúmar 2 vikur. Aðsókn að sýningunni hefur verið mjög góð og nokkur verk selst.

Sýningin verður opin alla daga páska vikunnar frá kl. 14.00 til 22.00. Henni lýkur á annan í páskum, mánudaginn 8. apríl.

Sýning í Gerðubergi

Sýning á vegum Íslandsdeildar Amnesty International í tengslum við baráttuna gegn pyntingum. Veggspjöld um þemað Aðgengi að fongum. Grafik eftir nemendur í MHÍ. Opíð er kl. 14.00–18.00 á skírdag og annan í páskum virka daga kl. 16.00–22.00.

Sýning Doru Jung á Kjarvalsstöðum

Undanfarnar vikur hefur staðið yfir yfirlitssýning á verkum finnsku textíllistakonunnar Doru Jung á Kjarvalsstöðum. Þetta er farandsýning frá Listiðnaðarsafninu í Helsinki um einn helsta frumkvöðul finnsks listiðnaðar.

Dora Jung starfaði um áratuga skeið sem hönnuður fyrir risaiðnfyrirtækið Tampella í Finnlandi. Það gerði textíllist framleiðslu þessa fyrirtækis þekktu og eftirsóttu um allan heim, og gerði jafnframt Doru Jung fjárhagslega kleift að reka vefstofu þar sem hún gat unnið að tilraunum og listsköpun.

Sýningunni á Kjarvalsstöðum er skipt í tvo meginhluta. Í Kjarvalssal er myndvefnaður, kirkjulist og ýmis listvefnaður, en í forsal eru sýnishorn af vefnaðarvörum, sem Dora Jung hannaði fyrir textílfyrirtækið Tampella.

Sýningin verður opin daglega kl. 14.00 til 22.00 fram yfir páska.

Galleri Borg: Myndlistarsýning Valgerðar Hauksdóttur

■ Fimmtudaginn 4. apríl, þ.e. á skírdag, opnar Valgerður Hauksdóttir sýningu á grafíkmyndum og myndum unnum með blandaðri tækni í Gallerí Borg við Austurvöll. Sýning Valgerðar verður opin alla hátíðisdagana frá kl. 14.00 til 18.00, en virka daga kl. 12.00 til 18.00 og stendur til 16. apríl.

Valgerður Hauksdóttir stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands, en lauk einnig prófum frá erlendum listaskólum. Hún er félagi í félaginu íslensk grafik. Valgerður hefur tekið þátt í átta samsýningum, en þetta er fyrsta einkasýning hennar.

Myndlistarsýning á Snæfellsnesi Bjarni Jónsson sýnir í Ólafsvík

Bjarni Jónsson opnar sýningu í Grunnskólanum í Ólafsvík fimmtudaginn 4. apríl kl. 14.00. Sýningin verður svo opin kl. 14.00 til 22.00 daglega fram á annan í páskum.

Á sýningunni eru teikningar, vatnslitamyndir og olíumálverk um þjóðlegt efni.

„Úr mannheimum“ í Listmunahúsinu

Í Listmunahúsinu stendur yfir sýning Sigurðar Þóris Sigurðssonar. Sýningin heitir Úr mannheimum. Á henni eru 35 olíumálverk, máluð á sl. einu og hálfri ári. Sýningin er opin bænadagana, laugardag fyrir páska og báða páskadagana kl. 14 til 18. Síðasti sýningardagur annar í páskum.

Pálsson. Árni Johnsen alþingismaður heldur ræðu: Íslensk stemmning. Sr. Þórir Stephensen dómkirkjuprestur flytur bæn og sunginn verður sálmurinn Son Guðs ertu með sanni.


Helgihald í Hallgrímskirkju um bænadaga og páska

Í forkirkju Hallgrímskirkju stendur þessa daga yfir sýning á Passíumyndum eftir Snorra Svein Friðriksson, sem gerðar voru 1972, og syndar í sjónvarpinu með tónverkinu „Lítill píslarsaga“ eftir Þorkel Sigurbjörnsson. Myndir þessar hafa ekki sést á sýningu áður.

Á skírdagskvöld mun Sigrún Þorgeirsdóttir syngja einsöng – sálm eftir norska skáldið Svein Ellingsen í þýðingu sr. Sigurjóns Guðjónssonar.

Við messugjörðir föstudagsins langa mun Halldór Vilhelmsson syngja aríu úr Jóhannesarpassíu Bachs, við undirleik Ingu Rósar Ingólfsdóttur og Harðar Áskelssonar. Einnig mun Inga Rós Ingólfsdóttir leika einleik á celló.

Í báðum messum á páskadag mun Mótettukór Hallgrímskirkju flytja kantötuna Christ lag in Todesbanden no. 4 eftir J.S. Bach með aðstoð lítillar hljómsveitar. Einsöngvarar verða úr röðum kórfélaga, Ásdís Kristmundsdóttir sópran, Nicolas Hall tenór og Magnús Baldvinsson bassi.



ke: „Rehabilitation of torture victims“

Laugardaginn 6. apríl: Kl. 14.00 Peter Kemp: „Ethics and the unjustifiability of torture“.

Neskirkja



Á páskadag kl. 2 sýna börn og unglingar helgileik: „Páskaguðspjallið“ í Neskirkju. Undirleik annast Jónas Þórir Þórisson. Þá mun Kolbrún á Heygum syngja einsöng og John Youong leika á fiðlu. Sr. Frank M. Halldórsson flytur páskahugvekju. Kór Neskirkju syngur undir stjórn Reynis Jónassonar.

Norræna húsið um páskana:

Skírdagur: Allt opið. Föstudagurinn langi: Allt lokað.

Laugardagur: Kaffistofa og sýningar opnar (bókasafn lokað) Blásarakvintett Reykjavíkur kl. 3.

Páskadagur: Allt lokað. Annar í páskum: Allt opið. Grafiksýningu lýkur.



■ Naust um vetur (olíulitir) eftir Bjarna Jónsson.

Bræðrafélag Dómkirkjunnar

Kirkjukvöld Bræðrafélags Dómkirkjunnar verður haldið á skírdag 4. apríl kl. 20.30. Á efnisskrá er:

Orgelleikur Marteins H. Friðrikssonar dómorganista, ávarp sr. Hjalta Guðmundssonar dómkirkjuprests. Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri heldur ræðu: Trúin og nútíminn. Karlakór Reykjavíkur syngur tvö lög: Ísland, lag og ljóð eftir Árna Thorsteinson og Því er hljóðnuð þíða raustin? lag eftir Jean Sibelius, en Gestur þýddi ljóð. Stjórnandi er Páll Pampichler

Málþing Félags áhugamanna um heimspeki

Á páskum 1985 gengst Félag áhugamanna um heimspeki fyrir málþingi um siðfræði, pyntingar og þjáningu. Til þingsins koma Inge Kemp Genefke, lækni við Rehabiliteringscenter for torturofre í Kaupmannahöfn og Peter Kemp, heimspekingur frá Kaupmannahafnarháskóla.

Dagskrá þingsins verður sem hér segir:

Föstudaginn langa, 5. apríl: Kl. 15.00 Hjördis Hákonardóttir: „Pyntingar – hvar liggja mörkin?“

Kl. 15.30 Inge Kemp Genef-

Kl. 15.30: Páll Skúlason: „Siðfræði, trú og þjáning“. Málþingið verður haldið í Lögbergi stofu 101 og er öllum heimill aðgangur.

Valborg og bekkurinn

Tvær sýningar verða á leikriti Finns Methling um gömlu ekkjuna og garðbekkinn um páskana, sú fyrri í dag, skírdag og sú síðari á annan í páskum og hefjast báðar kl. 16.00 síðdegis.

Sýningar Þjóðleikhússins um páskana:

Gæjar og píur

Sýningum fer nú fækkandi á hinum vinsæla söngleik „Gæjum og píum“ eftir Frank Loesser, Jo Swerling og Abe Burrows í leikstjórn Kenn Oldfields og Benedikts Árnasonar. Næsta sýning verður á annan í páskum.

Kardemommubærinn

Uppselt hefur verið á allar sýningar barnaleikrits Thorbjörns Egneris til þessa. Verkið verður sýnt á skírdag og á annan í páskum, kl. 14.00 báða dagana.